

Skeiða-og Gnúpverjahreppur
Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti
Árnesi
801 SELFOSSI

Reykjavík, 27.03.2018
Tilv. vor: M-2017-082 / 07.00

Efni: Stækkun Búrfellsvirkjunar – aðgengi að Búrfellsskógi

Vísað er til funda og samskipta fulltrúa Landsvirkjunar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps á árinu 2017 er varðar aðgengi að Búrfellsskógi. Eins og kynnt hefur verið af hálfu Landsvirkjunar hafa verið uppi óskir um breytingu á legu vegar að Búrfellsskógi þar sem hann liggur fram hjá stöðvarhúsi Búrfellsstöðvar. Í því sambandi hefur verið óskað eftir breytingu á gildandi deiliskipulagi. Hefur Landsvirkjun óskað eftir samráði við sveitarfélagið um hvernig leysa megi aðgengismál að Búrfellsskógi á þann hátt að tryggt sé þau verði ekki verri en þau eru í dag.

Frá því Búrfellsstöð var tekin í notkun hefur aðgengi að Búrfellsskógi legið framhjá stöðvarhúsi virkjunarinnar. Eftir að frárennslisskurður nýju virkjunarinnar var grafinn að stórum hluta á árunum 1981-1985 varð að þvera skurðinn til að komast að Búrfellsskógi.


Í hugmyndum að stækkun Búrfellsvirkjunar, sem fjallað var um í tilkynningu til Skipulagsstofnunar frá árinu 2013, var gert ráð fyrir að fara ofan við frárennslisskurðinn og tengjast slóðinni inn í Búrfellsskóg með slóð á suðurbakka skurðarins eftir að virkjunin væri komin í rekstur. Á síðari stigum undirbúnings og við gerð deiliskipulags var ákveðið að falla frá þeim hugmyndum og þess í stað var ákveðið að brúa frárennslisskurðinn á svipuðum stað og slóðin hefur þverað skurðinn í gegnum tíðina.

Á fyrri hluta árs 2017 hafði Landsvirkjun samband við sveitarfélagið vegna hugsanlegra breytinga á þverun frárennslisskurðarins. Af hálfu Landsvirkjunar var talið rétt, með vísan til öryggissjónarmiða, að draga úr umferð í nágrenni við stöðvarhús núverandi stöðvar. Í stað brúar yfir frárennslisskurð, sem yrði opin farartækjum, yrði gert ráð fyrir leið sem lægi fyrir enda frárennslisskurðar og væri hugsuð sem lokaður einkavegur, fyrst og fremst til að komast að svæðinu vegna viðhalds á mannvirkjum og fyrir aðila sem hafa sinnt skógrækt á svæðinu. Auk þessa voru hugmyndir um að reisa göngu- og reiðbrú á Fossá sunnan við frárennslisskurðinn til að tryggja aðgengi að Búrfellsskógi eins og verið hefur.

Þessar hugmyndir Landsvirkjunar voru þróaðar áfram og var niðurstaðan sú að óska eftir breytingu á deiliskipulagi og var lögð fram umsókn þess efnis þann 1. febrúar 2018. Í breytingunni felst að vegur um virkjunarsvæðið og að Búrfellsskógi breytist á þann hátt að farið er fyrir enda frárennslisskurðarins. Skipulagsnefnd sveitarfélagsins tók málið fyrir þann 8. febrúar 2018 og gerði ekki athugasemd við skipulagsbreytinguna.

Áform Landsvirkjunar hafa verið, eins og áður segir, að tryggja óbreytt aðgengi að Búrfellsskógi. Hugmyndir hafa eins og áður segir verið lagðar fram að göngu- og reiðbrú á Fossá og er af hálfu Landsvirkjunar gengið út frá að vinna tengd henni tengist vinnu sem snýr





að heildarskipulagi svæðisins í kringum Búrfell þar sem fleiri þættir verða skoðaðir og reynt að búa til heildstæða sýn fyrir allt svæðið.

Óskað hefur verið eftir aukinni upplýsingagjöf og samráði um þessi mál, og er eins og áður segir gert ráð fyrir samráði við sveitarfélagið að því er varðar útfærslu þess að tryggja aðgengi að Búrfellsskógi.

Virðingarfyllst

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri

